



„Mér er í mun ...“

Kennsluleiðbeiningar

*Tillögur að
vinnubrögðum*



Námsgagnastofnun



FRÁ RITSTJÓRA

Þau mistök urðu við fyrstu prentun bókarinnar að fjórða og seinasta erindi í ljóðinu Skeljar eftir Hannes Pétursson á blaðsíðu 87 fylgdi ekki með. Beðist er velvirðingar á þessu og verður þetta leiðrétt í næstu prentun.

Hér birtist ljóðið í heild.

Skeljar

Við skulum ganga
suður með sjá
stiklar þar aldan
steinana blá
skolar hún rauðum
skeljum á land
grefur þær síðan
í gljúpan sand.

Við skulum ganga
suður með sjá
morgun og kvöld
þegar kyrrð er á
skeljarnar tínum
sem skolast á land
þær hverfa svo fljótt
í fjörunnar sand.

Þær geyma þó ekki
neinn glitrandi stein
og perla ei heldur
er hulin þar nein
þær lykjast um annað:
þitt líf og þinn heim
því augnablikið
það býr í þeim.

Við skulum ganga
suður með sjá
skeljarnar sindra
sandinum á
göngum og tínum
og gætum þess vel
að njóta er opnast
hin örlitla skel.

Kvæðabók 1955–1976



INNGANGUR

Til kennara

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 segir m.a. um íslenskukennslu á unglingsstigi að við lok 10. námsárs eigi nemandi að:

- geta gert grein fyrir áhrifum bókmennta og tilfinningum sem þær vekja
- vera læs á myndmál og algengasta tákmal
- geta beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. fléttu, sjónarhorni og sögusviði
- skilja mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns og ánægju
- þekkja til íslenskra bókmennta að fornu og nýju, hafa lesið Íslendinga sögu og úr verkum nokkurra höfuðskálda
- vera fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og færa rök fyrir þeim
- geta byggt upp texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum og samið margs konar texta
- vera fær um að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- geta endursagt skipulega það sem hann hefur lesið eða heyrt

Markmið þessarar námsbókar er að taka á ofantöldum þáttum og er því margþætt. Við viljum að efnið vekji áhuga ungmenna á lestri og bókmenntum svo þau geti nýtt sér þær til afþreyingar og yndisauka en einnig að þær dýpki skilning þeirra á mannlífni og sögu þjóðarinnar. Saman við efnið fléttum við umfjöllun og skilgreiningu á bókmenntahugtökum sem við teljum að þessi aldurshópur ætti að hafa á valdi sínu. Verkefnum sem fylgja textunum er m.a. ætlað að þjálfa ritfærni nemenda svo þeir verði færari um að tjá skoðanir sínar og rökstyðja þær en jafnframt að textarnir verði kveikja að skapandi skrifum.

Það er erfitt að velja efni í bók sem þessa en við leituðum að efni sem að okkar mati hæfir aldri nemenda og er líklegt til að efla persónu-, vitsmuna- og félagsþroska þeirra. Með því er stuðlað að auknum skilningi á nýjum hugmyndum og aðstæðum sem aftur hefur áhrif á viðhorf nemenda, gildi og skilning á fortíð og samtíð. Við höfðum einnig að leiðarljósi að efnið gæfi innsýn í íslenskar bókmenntir frá upphafi og höfum valið efni og höfundar sem við teljum að hver 16 ára unglingsstigi ætti að þekkja úr bókmenntaflóru þjóðarinnar. Við stíklum á stóru allt frá upphafi ritaldar á Íslandi til 21. aldar en gerum samtímanum rækilegri skil. Hvað varðar eldra efni þá völdum við að kynna hluta af því sem enn lifir með þjóðinni og er af mörgum talið það mikilvægasta í íslenskri bókmenntasögu s.s. Passíusálmana, Hávamál, Íslendingaþætti og Sturlungu.



TILLÖGUR AÐ VINNVBRÖGÐUM

- 1. Tilvitnanir.** Á undan kynningu hvers skálds eru tilvitnanir í orð viðkomandi höfundar. Þær eru annars vegar sóttar í verk höfunda og fela þá í sér ákveðna lífsspeki og hins vegar í blaðagreinar, fyrirlestra og viðtöl sem veita nemendum nokkra innsýn í tilurð skáldskapar og hugleiðingar höfundanna um hlutverk hans. Kjörið er að nýta tilvitnanirnar í umræðuhópum þar sem nemendur geta velt þeim fyrir sér og tekið afstöðu til þeirra. Hægt er að nálgast allar tilvitnanirnar [hér](#) á stafrænu formi.
- 2. Upplstur.** Æskilegt er að textarnir séu lesnir upp í kennslustundum, ýmist af kennara eða nemendum. Þá skapast tækifæri fyrir kennarann til að staldra við og vekja athygli á ýmsum þáttum, allt frá einstökum orðum til túlkunar á því sem lesa má milli línanna, og hefja umræðu í hópnum.
- 3. Umræður og hópvinna.** Verkefni sem fylgja bókmenntatextunum má vinna á fjölbreyttan hátt en við nám og kennslu í bókmenntum er umræða ekki eingöngu mikilvægur þáttur heldur nauðsynlegur því með henni dýpkar bæði skilningur og upplifun hvers einstaklings. Því er mælt til að nemendur fái ávallt tækifæri til að ræða þá texta sem lesnir eru og að þeir vinni síðan saman að lausn verkefna en þó á þann hátt að hver og einn skrái hjá sér sínar úrlausnir og geymi á vísun stað því þessar úrlausnir geta nýst kennurum við námsmat. Verkefni eru samin með það í huga að þau dýpki skilning, auðveldi túlkun og veiti nemendum tækifæri til að taka gagnrýna afstöðu. Ýmist er hægt að hafa umræðuna kennarastýrða og þá með öllum hópnum eða í smærri hópum, 3–5 nemendur. Æskilegt er að forðast 4 manna hópa því þeir enda gjarnan í paravinnu. Hóparnir þurfa að vera blandaðir en mikilvægast er að allir nemendur taki þátt í starfi hópsins og viti til hvers er ætlast af þeim. Þegar hér er komið í skólagöngu nemenda eru þeir eflaust vanir hópvinnu en þó er ekki úr vegi að brýna fyrir þeim að ákveðin hegðun hefur áhrif á gæði umræðunnar. Svipbrigði, líkamstjáning og orð félaganna í hópnum skipta miklu máli. Góð hlustun felst í því að sýna áhuga á orðum annarra t.d. með því að kinka kolti, halla sér áfram, ná augnsambandi og skiptast á að tala. Nemendur þurfa að læra hvernig hægt er að vera ósammála á kurteislegan hátt þannig að fram fari umræður en ekki rifrildi. Tilvalið er að ræða slíkar reglur í bekknum og fá fram hugmyndir og tillögur nemenda þar um. Síðan mætti skrá reglurnar á veggspjöld eða lítil spjöld sem liggja á borðunum og minna nemendur á rétta framkomu. Dæmi um reglur: Einn talar í einu – horfum á

þann sem talar – hlustum hvert á annað – höldum okkur við efnið – bregðumst við orðum hinna með samþykki eða spurningum/umræðum – sýnum viðbrögð sem ýta undir frekari tjáningu t.d að kinka kolli.

Nemendur geta skipst á að stýra umræðunni í hópnum og þurfa þá að gæta þess að allir komist að og að á alla sé hlustað. Þegar allir í hópnum hafa verið hópstjórar er tilvalið að stokka upp hópana. Umræður í hópnum geta t.d. hafist á því að hópstjóri spyrji aðra nemendur í hópnum um lestrardagbókarskrifin (sjá hér á eftir) en verkefnin sem fylgja textunum leysa nemendur í sameiningu. Fyrst þarf að fara fram umræða um verkefnin og nemendur punkta hjá sér athugasemdir en svo getur hver og einn svarað fyrir sig eða nemendur hjálpast að. Verkefnin geta líka verið hluti af heimanámi, allt eftir vinnulagi kennarans. Við mælum þó með því að þungir textar séu lesnir í skólanum þó að textalestur sé hluti heimanáms. Að gefnu tilefni leggjum við til að kennari ræði hegðun í hópavinnu við nemendur og hvernig góður hópur vinnur.

4. **Bókmenntahugtök.** Þau hugtök sem er æskilegt að nemendur 10. bekkjar kunni skil á eru útskýrð á gulu síðunum og í einstökum spurningum má sjá stjörnumerkt hugtök en stjörnurnar vísa til skýringa sem finna má á þessum síðum.
5. **Lestrardagbók.** Mælt er með að nemendur haldi lestrardagbók við ákveðna kafla. Þeir skrá þá hjá sér hugsanir og vangaveltur sem vöknudu við lestur eða áheyrn. Kennari getur farið fram á að nemendur deili þessu með hinum og skapi þannig nýjan umræðugrunn. Sjá nánar síðar.
6. **Efnisval.** Ekki er reiknað með að allir nemendur lesi hvern einasta texta í bókinni. Hver kennari velur það sem hann telur henta hverju sinni og einnig er tilvalið að skipta textum milli hópa sem kynna svo hver sinn texta og túlka fyrir hinum.
7. **Myndræn túlkun.** Hvort sem um er að ræða teikningar eða stuttmyndir hentar myndræn túlkun vel við marga texta. Þar má nefna ljóð eins og: Kuldakast í mars eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, Íhuga eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, Rask eftir Gerði Kristnýju, Í dag eftir Diddu, Tvær stjörnur eftir Megas, Liðsinni eftir Þorstein frá Hamri, Við garðstíginn eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur, Ég heyrði þau nálgast eftir Snorra Hjartarson, Barn eftir Stein Steinarr og valin erindi úr Hávamálum.
8. **Leikræn túlkun.** Í nokkrum textanna er mikið um samtöl og henta þeir því vel til leiklestrar. Sem dæmi má nefna eftirtalda texta: Íslandsklukkan 3. kafli, Fótspor á himnum (textinn um Símon fátækrafulltrúa og textinn sem greinir frá samskiptum séra Sigtryggs og Ragnars) og Ívars þáttur Ingimundarsonar.



LESTRARDAGBÆKUR

Viðbrögð við texta – hvernig fáum við nemendur til að tjá sig um bókmenntir?

Það eru mismunandi leiðir að því að fá nemendur til að vinna úr texta og dýpka skilning þeirra á bókmenntum, ein þessara leiða er lestrardagbók. Lestrardagbók er fyrst og fremst hugsuð sem heimavinna en til að nemendur fái tilfinningu fyrir mikilvægi hennar í lestrinum er æskilegt að þeir fái af og til, sérstaklega í upphafi, tækifæri til að vinna í henni í skólanum. Það getur tryggt skilning þeirra á vinnuferlinu að í byrjun haldi kennari einnig lestrardagbók og deili með nemendum. Þetta getur einnig verið hvetjandi fyrir þá og ekki síður að fá að heyra hvað aðrir nemendur skráðu eða hvað þeim fannst. Ef við fáum nemendur til að velta bókmenntatextunum fyrir sér af alvöru þá gera þeir sér betur grein fyrir hugmyndum sínum, tilfinningum, gildum og tilveru sinni í heild. Lesturinn og dagbókaskrifin geta á þennan hátt orðið til þess að þeir öðlist nýjan skilning á sjálfum sér og umheiminum. Auk þessa hafa rannsóknir sýnt að dagbókarskrifin verða til þess að nemendur skilja, upplifa og muna textana betur en ella og þau hjálpa þeim sem hefur gengið erfiðlega að tjá sig skriflega þar sem þau eru óformleg og í þeim eru stafsetning og málfar ekki metin. Lestrardagbækurnar eiga fyrst og fremst að varpa ljósi á skilning nemenda, upplifun og afstöðu til þess sem textinn felur í sér.

Lestrardagbók skref fyrir skref

- Þegar nemendur hafa lokið við að lesa textabrot, hluta af lengri textunum eða einstök ljóð skrá þeir hjá sér fyrstu viðbrögð við textum þ.e. þær tilfinningar, hugrenningar og/eða spurningar sem lesturinn vakti. Í þessum skrifum þurfa þeir ekki að hafa áhyggjur af stafsetningu og málfari
- Kennari getur notað kveikjur eða leiðbeiningar þegar það á við en að öðru leyti eru færslurnar alfarið nemandans.

Tillögur að kveikjum í lestrardagbók – lausamálstextar

- Hver eru fyrstu viðbrögð þín við textanum? Var þetta áhugaverður texti, skemmtilegur, leiðinlegur, sorglegur, myndinn ...?

- Tengist textinn einhverju sem þú hefur heyrt um, reynt eða lesið um? Ef svo er, hverju þá?
- Hafði textinn áhrif á þig? Hvaða áhrif?
- Hver fannst þér athyglisverðasta persónan? Hvers vegna hún?
- Ef þú gætir verið ein af persónum sögunnar, hver værir þú þá og hvers vegna?
- Hvernig ímyndaðir þú þér sögusviðið? Tengdir þú það einhverjum stað sem þú hefur komið á eða séð í kvikmynd?
- Hafði sögusviðið einhver áhrif á þig? Þá hver?
- Minnti þessi texti þig á eitthvað annað sem þú hefur lesið? Hvað?
- Viltu spyrja skáldið að einhverju?

Tillögur að kveikjum fyrir lestrardagbók – ljóð

- Hvaða hugsanir og tilfinningar vöknudu við lestur ljóðsins? Hvernig leið þér þegar þú hafðir lesið ljóðið og velt því fyrir þér?
- Hefur þér liðið svona áður?
- Minnir þetta ljóð þig á eitthvað? Hvað þá?
- Hvað sástu fyrir þér þegar þú last/hlustaðir á ljóðið?
- Um hvað vildirðu spyrja skáldið?

Lestrardagbók má færa í möppu, sérstaka kompu eða litla stílabók. Sama bók getur nýst í 2–3 vetur.

Námsmat

1. Meðan á vinnu stendur fylgist kennari með starfi hópanna og metur virkni nemenda. Til dæmis hentar vel við mat á virkni og hópvinnu að allir nemendur byrji með 10 en lækki um 0,5 eða 1 ef þeir eru ekki undirbúnir og/eða taka ekki þátt.
2. Hvað varðar úrlausn verkefna tekur kennari ákveðin ritunarverkefni og fer yfir þau samkvæmt venju. Þegar hóparnir hafa lokið við tiltekin verkefni spyr kennari út í úrlausn hvers hóps og hvort allir innan hópsins hafi verið sammála. Þá geta nemendur í hinum hópunum gert athugasemdir eða bætt við svörin.
3. Við annarskil eða á einhverjum tímapunkti sem kennarinn ákveður tekur hann bókmenntamöppur nemenda og fer yfir þær. Hann þarf þó ekki að lesa öll verkefnin heldur gengur úr skugga um að verkin hafi verið unnin á sómasamlegan hátt.



Viðbótarverkefni

1. Hóparnir fá úthlutað eða velja úr tilvitnunum í höfunda og ræða og taka rökstudda afstöðu til þeirra.
2. Hóparnir fá úthlutað eða velja úr ákveðnum tilvitnunum í höfunda og skrifa textann upp á veggspjöld og myndskreyta.
3. Auður Jónsdóttir – Ritunarverkefni um áhrifagirni t.d. frumsamin frásögn sem lýsir áhrifum og/eða afleiðingum áhrifagirni. Nemendur gefa verkefninu nafn við hæfi. Kennari getur einnig lagt eftirtalin verkefni fyrir:
 - a. Unglingar eru áhrifagjarnari en annað fólk. Veltu þessari fullyrðingu fyrir þér og taktu rökstudda afstöðu til hennar.
 - b. Skrifaðu blaðgrein t.d. í skólablað sem hefur fyrir sögnina – Áhrifagirni og afleiðingar hennar. Veltu fyrir þér í hverju áhrifagirni felst, hvaða afleiðingar hún getur haft og hvernig hægt er að verjast henni. Nefndu dæmi máli þínu til stuðnings.
4. Sigurbjörg Prastardóttir – Ritunarverkefni um eigin upplifun af landinu og afstöðu til þess. Nemendur geta t.d. fjallað um einstaka staði sem eru þeim kærir eða hafa haft áhrif á þá. Kennari getur einnig lagt eftirtalin verkefni fyrir:
 - a. Lýstu stað sem hefur haft góð áhrif á þig. Gerðu þér grein fyrir hvers vegna þessi staður hafði góð áhrif á þig og reyndu að koma því til skila í textanum. Gefðu lýsingunni nafn.
 - b. Áttu þér draumastað? Hvernig er hann? Gefðu staðnum nafn.
5. Didda – Ritunarverkefni um mikilvægi vináttunnar:
„Maður er manns gaman“ – Taktu afstöðu til málsháttarins. Felur hann í sér algild sannindi eða getum við staðið ein? Rökstyddu skoðanir þínar.
6. Einar Kárasón kallar sig epiker, hann segir sögur. – Ritunarverkefni:
 - a. Stutt frumsamin saga um hvað sem nemendum dettur í hug t.d. frásögn af atburði sem þeir urðu vitni að eða óbeinir þátttakendur í. Þeir eiga að reyna að nota svipaðan frásagnarmáta og Einar gerir hér. Langar setningar í talmálstíl. Það er eins og lesandinn hlusti á einhvern tala.
 - b. Frásögn Þorsteins eða Hallfríðar í rapp-texta.

7. Þorsteinn frá Hamri – Liðsinni. Lesið ljóðið enn einu sinni og veltið fyrir ykkur innihaldi þess. Skriðið síðan grein/hugvekju um liðsinni við ná-ungann. Ber okkur skylda til að aðstoða aðra einstaklinga, hópa eða þjóðir? Hvað gerum við í dag?
8. Dagur Sigurðarson – Semdu örsögu eða rapptexta sem greinir frá sömu tilfinningum og aðstæðum og ljóðið Gelgjuskeið.
9. Hannes Pétursson – Tíunda rödd. Hér er tilvalið að lesa (enn og aftur) þjóðsöguna um djáknann á Myrká (t.d. í bókinni Trunt, trunt og tröllin sem kom út 2009 hjá Námsgagnastofnun) og síðan fá nemendur það verkefni að semja draugasögu í þjóðsagnastíl, 2–3 saman og lesa fyrir bekkjarfélagana.
10. Svava Jakobsdóttir – skrifaðu stutta sögu sem kallast gæti furðusaga eða fantasía. Hún gæti t.d. gerst í framtíðinni.
11. Davíð Stefánsson – Abba-labba-lá – Nemendur greina frá fyrstu áhrifum ljóðsins í lestrardagbók. Tilvalið til upplestrar og leikrænnar tjáningar, jafnvel dans og myndskreyting
12. Þórbergur Þórðarson – Ritunarverkefni: Þekkir þú einhvern gleðigjafa, einhvern sem kemur öðrum til að hlæja eða eykur vellíðan annarra? Á hvaða hátt er þessi einstaklingur gleðigjafi? Segðu frá honum/henni.
13. Gestur Pálsson – Ritunarverkefni: Skrifaðu stutta frásögn af einum eða fleiri atburðum sögunnar, í 1. persónu frá sjónarhorni Skjóna. Þú getur einnig skrifað sögu Skjóna frá sjónarhorni hans.
14. Matthías og þjóðsöngurinn – læra 1. erindið utan bókar
15. Vinna með nýyrði Jónasar –
 1. Hópvinna. Hver hópur fær ákveðinn orðafjölda og á að skilgreina úr hvaða orðum og/eða orðhlutum þau eru búin til og sýna með dæmum hvernig má nota orðin.
 2. Hópvinna – Veggspjaldagerð: myndræn útfærsla og upplýsingar um orðin.
16. Ívars páttur Ingimundarsonar. Nemendur búa til handrit samkvæmt Íslendingaþættinum og aðra útgáfu þar sem þeir færa efnið til nútímans. Flutt fyrir bekkinn.



Samlestur einstakra texta

Eins og áður kom fram er það í höndum kennara hvað lesið er í hverjum hópi en hér fara hugmyndir um lestur og úrvinnslu einstakra texta.

- Textar Halldórs Laxness, Kristínar Mörju Baldursdóttur, Einars Mús Guðmundssonar og Jóns Kalman lýsa hver á sinn hátt aðstæðum fátækra á Íslandi en á mismunandi tímum. Texti Halldórs, úr Íslandsklukkunni, gerist við lok 17. aldar, texti Kristínar og Jóns í upphafi 20. aldar, annar í kaupstað en hinn í dreifbýli og texti Einars í Reykjavík á 4. áratug 20. aldar. Ef þessir textar eru lesnir hver á eftir öðrum fá nemendur innsýn í aðstæður almúgafólks um aldabil. Æskilegt er að kennari lesi textana með nemendum og að þeir fái tækifæri til að skrifa í lestrar-dagbækur í skólanum. Síðan er hægt að skipta nemendum í hópa og hver hópur vinnur aðeins með einn texta. Tveir eða fleiri hópar geta þá verið með sama texta sem er ekki verra því þá skapast líklega umræður um úrlausnir milli hópa eða í bekknum í heild.

Tilvalið aukaverkefni tengt þessum textum er hugleiðing, 250–350 orð, um líf Íslendinga fyrr og nú.

- Textar Guðrúnar Evu Mínervudóttur, Auðar Jónsdóttur og Auðar Ólafsdóttur fjalla allir um ungmenni sem standa á einhvers konar tímamótum. Öll eru þau að öðlast ákveðna reynslu og proska. Þessar sögur er tilvalið að lesa hverja á eftir annarri en þar sem þessir textar ættu að vera aðgengilegir ungu fólki getur þetta verið heimalestur og dagbókarfærslan heimavinna. Þó er æskilegt að kennari bendi á og ræði um mikilvæga þætti áður en umræður og verkefnavinna hefjast.

Tilvalið aukaverkefni væri að nemendur fjölluðu um allar sögurnar í 300–400 orða ritun, bæru þær saman og fyndu hvað er líkt í þeim og hvað ekki.

- Einstaklings-, hóp- eða paravinna – *Ljóðaslamm* t.d.:

Jónas Hallgrímsson – Ferðalok

– Ísland

Hulda – Grágæsamóðir

Davíð Stefánsson – Abba-labba-lá

Steinn Steinarr – Barn

– Utan hringsins

Þorsteinn frá Hamri – Liðsinni
– Sumir dagar
Didda – Í dag
Megas – Tvær stjörnur

- **Ættjarðarljóðin** í bókinni er tilvalið að lesa hvert á eftir öðru og skrá fyrstu viðbrögð í lestrardagbók. Síðan vinna nemendur í hópum og finna hvort og þá hvað er líkt og ólíkt í þessum ljóðum. Ljóðin sem um er að ræða eru: Laugavegur eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, Hver á sér fegra föðurland eftir Huldu, Ísland eftir Jónas Hallgrímsson og Lofsöngur (þjóðsöngurinn) eftir Matthías Jochumsson.



Ítarefni; tónlist, myndir, frekari upplýsingar

1. Kristín Svava Tómasdóttir – upplestur:
<http://www.youtube.com/watch?v=rv3Cz0LFX9I>
2. Sigurbjörg Þrastardóttir – upplestur:
<http://www.youtube.com/watch?v=IWOFuJ7LdVo>
3. Megas – syngur Tvær stjörnur: <http://www.youtube.com/watch?v=90PFKMy7og0&playnext=1&list=PL630B355DC0ABEDC3>
 - a. Megas og Emíliana Torrini: <http://www.youtube.com/watch?v=sgleooWfc2E>
 - b. Megas hlýtur verðlaun Jónasar hallgrímssonar – frétt. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2000/11/16/megas_hlytur_verdlaun_jonasar_hallgrimssonar/
4. Halldór Laxness – Efni um Íslandsklukkuna og uppsetningar í leikhúsum. Sjá: Fréttablaðið 24.04 2010 – Jón Hreggviðsson er þjóðin, *Vísir.is* 24.04 2010 – Slegið í Íslandsklukkuna, *Vísir.is* 29.03 2010 – Rauði þráðurinn í sögu leikhússins, 26.04. umfjöllun Guðmundar S. Brynjólfssonar (Morgunblaðið), *Vísir.is* 11.01 2011 – Íslandsklukkan á leiðinni í sjónvarp
 - a. Íslandsklukkan. Brot úr síðustu uppfærslu Þjóðleikhússins: http://www.youtube.com/watch?v=Elhn9_lme9c
 - b. Myndir af skáldinu og frá Gljúfrasteini má finna á eftirfarandi vefslóð: http://www.gljufurasteinn.is/is/myndir/gljufurasteinn/gengid_um_gljufurastein
5. Davíð Stefánsson – <http://www.youtube.com/watch?v=4KzQ7E7f1D4>
(Snert hörpu mína-tónlist)
 - a. Til eru fræ – <http://www.youtube.com/watch?v=bXAXYx99kzw>

- b. Davíð Stefánsson. Myndir af skáldinu og af Davíðssafni má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.skaldhus.akureyri.is/dshusb.html>
6. Gunnar Gunnarsson. Mynd af Skriðuklaustri og vefsíða um skáldið:
<http://www.skriduklaustur.is/islida/gunnar/gunnar.htm>
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=541567
 7. Hulda – Hver á sér fegra föðurland
<http://www.youtube.com/watch?v=awZLJuMAxAY>
 8. Matthías Jochumsson – Lofsöngur
<http://www.youtube.com/watch?v=o39LJOcB0bl>
<http://www.youtube.com/watch?v=3ovknghc6PA>
 9. Þórbergur Þórðarson. Myndir af skáldinu og frá Þórbergssetri að Hala má sjá á eftirfarandi vefslóð: <http://www.thorbergur.is>.
Viðtal við skáldið má sjá á: <http://www.youtube.com/watch?v=IV8D5P1oRVw>
 10. Matthías Jochumsson – myndir og upplýsingar um Sigurhæðir.
<http://www.skaldhus.akureyri.is/sigh1.html>.
 11. Gyrðir Elíasson – um álfatrú.
http://www.gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3475/5844_read-25301/
og http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/11/16/alfatru_islendinga_til_umraedu/
 12. Einar Már – Fótspor á himnum – kvikmyndin um Breiðavíkurdrengina.
Skáldatími-skáldið segir frá sér: www.nams.is
 13. Einar Kárason – Skáldatími-skáldið segir frá sér: www.nams.is
 14. Kristín Ómarsdóttir – Skáldatími-skáldið segir frá sér: www.nams.is
 15. Sjón – Skáldatími-skáldið segir frá sér: www.nams.is
 16. Þorsteinn frá Hamri – Mér er í mun – sjá skýringu Njarðar P. Njarðvík í formála að verkum Þorsteins í [hér](#).
 17. Hannes Pétursson – Þjóðsagan Garún, Garún, grátt er mér um hnakka.
Þjóðsögur Jóns Árnasonar. III bindi, bls. 352
 18. Steinn Steinarr – Utan hringsins – túlkun annarra:
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=429807
 19. Upplýsingar um Árna Magnússon og brunann í Kaupmannahöfn – sjá grein á Vísindavefnum. Um Árnastofnun – sjá vefsíðu stofnunarinnar. Enn fremur er vakin athygli á námsefni um handritin – Handritin heima: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=3e6b0c3d-be43-49db-bf7f-57-a4e84b88f9>
 20. Jónas Hallgrímsson – fjölmörg orð sem hann smíðaði. [Smellið hér](#).
<http://www.youtube.com/watch?v=6OqbfGSJDUc> (Ég bið að heilsa)
http://www.youtube.com/watch?v=DioVCjHY_r0 (Stóð ég úti í tunglsljósi)

21. Upplýsingar um verðlaun. http://www.borgarbokasafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-3426/5502_read-13372/
22. Samantekt á tilvitnunum í höfunda til ýmiss konar úrvinnslu. Getur nýst sem kveikja í upphafi bókmenntaumfjöllunar. [Smellið hér.](#)



Tíllögur að lausnum einstakra verkefna – ljóð

Kuldakast í mars eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur

1. Vonirnar eru stuttbuxnaklæddar vegna þess að þær hafa ekki tekið á sig endanlega mynd, þær eru barnslegar, jafnvel óraunsæjar.
2. Viðlíkingin er í fyrstu setningu ljóðsins: stormurinn skellur á eins og hnefa-högg
3. Það er hvatt til eins konar byltingar nemenda, byltingar innra með okkur sjálfum. Tími er kominn til að fullorðnast.
4. Í ljóðinu er fólgin ádeila á þá sem tuða og nöldra en taka enga ábyrgð. Uppreisn þeirra er eins og kuldakast í mars, slæmt á meðan á því stendur og gengur fljótt yfir. Að lokum verða allir að horfast í augu við veruleikann.

Laugavegur eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur

1. Ljóðmælandi hefur kynnst landinu gegnum sjónvarp, aðallega Ómar Ragnarsson – Stiklur
2. Hugblær ljóðsins einkennist af kaldhæðni. Ljóðmælandinn er fullur aðdáunar og stolti en hefur ekkert séð af landinu. Takið eftir orðanotkun t.d. – Ó þá náð að ..., þetta náttúrunávígi, guð varðveiti Ómar Ragnarsson, og svo eru afnotagjöldin alls ekki há.
3. Almennt er talað um prósaljóð fremur en lausamálstexta ef textinn hefur einhver einkenni bundins máls s.s. ákveðna hrynjandi, skáldlegt orðaval og ríkt myndmál.
4. Væntanlega er ljóðmælandi staddur á veitingahúsi við Laugaveg í Reykjavík en nafnið leiðir huga lesandans að öðrum Laugavegi þ.e. gönguleiðinni milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Íhuga

1. Yfirborðsmynd ljóðsins er þessi: Ung stúlka mætir á ströndina tvisvar á dag til að sópa hana.
2. Ströndin í ljóðinu: Lífið frá degi til dags.
3. Gersemarnar gætu verið: Jákvæðir þættir eins og vinátta og góð samskipti, ást, árangur ...
4. Stúlkan með kústinn: Sá eða sú sem ekki gefst upp en gerir alltaf sitt besta.

Átta sig

1. Titillinn, átta sig, þ.e. að gera sér grein fyrir ástandi mála, getur haft aðra merkingu.
2. Áttan í erminni gæti táknað: Möguleika.
3. Í raun hafa allir áttu þ.e. möguleika, spurningin er hvort við komum auga á þá og getum nýtt okkur þá.

Rask eftir Gerði Kristnýju

1. Ljóðmælandinn er einhver sem hefur verið særður og lokað sig af en ætlar nú að tengjast annarri manneskju.
2. Raskið sem orðið hefur táknað særðar tilfinningar, traust sem brást. Ljóðmælandinn lokaði sig af til að forðast sárindi en er nú tilbúin/n til að leggja allt í sölurnar fyrir einstaklinginn sem ávarpaður er í ljóðinu ef hann bregst ekki. Skepnurnar tákna fólk og hamrarnir varnarviðbrögð ljóðmælandans.
3. Einhver einstaklingur sem ljóðmælandinn hefur heillast af.

Í dag eftir Diddu

1. Ljóðmælandinn er staðráðinn í að brjótast í gegnum lífið hvað sem á dynur þó það verði erfitt. Hann ætlar ekki að skreppa saman eins og öfug rós í bandi heldur sýna djörfung og dug.

Önnur líf eftir Sigurð Pálsson

1. Líf hvers og eins er einstakt og við skynjum og upplifum hvert á sinn hátt. Þegar við komum á nýja staði uppgötvum við nýjan veruleika og eignumst þannig fleiri en eitt líf.

Sumir dagar eftir Þorstein frá Hamri

1. Sumir dagar eru hús. Hér eru engin samanburðarorð. Mynd dagsins hverfist (færist, snýst) yfir á húsið. Þess vegna kallast þetta myndhverfing en ekki viðlíking.
2. Sumir dagar eru svo slæmir að þú vilt helst gleyma þeim en seinna þegar þú lítur til baka sérðu þá í nýju ljósi sem dregur úr sársaukanum.

Liðsinni eftir Þorstein frá Hamri

1. Við sýnum samkennd okkar í orðum en ekki í verkum.
2. Deilt er á afstöðu okkar og viðbrögð við neyð annarra.
3. Benda má á hamfarir og ófrið vítt og breitt.
4. Titillinn er í raun efni ljóðsins í hnotskurn með háðslegu ívafi.

Götur eftir Þorstein frá Hamri

1. Göngumaðurinn getur verið hver sem er, sá sem er ætíð glaður og líka hinn sem er haldinn kvíða og depurð.
2. Það sem veldur sálarástandi okkar, hvað sem það er.
3. Ljóðmælandi staðhæfir að sumir séu og verði ávallt glaðir en aðrir daprir en fátt sé vitað hvað veldur.
4. Haust eftir Dag Sigurðarson
5. Bein mynd og tvær myndhverfingar – tár guðs og gráturinn í honum guði (regnið).
6. Njótið dagsins í dag og alls sem hann býður upp á, líka rigningarinnar.

Gelgjuskeið eftir Dag Sigurðarson

1. Ljóðmælandinn er ástfanginn og óöruggur sem fylgir oft gelgjuskeiðinu.
2. Orðið gelgjuskeið er hlaðið neikvæðum gildum sem sést best á því að orðið gelgja er oft notað á neikvæðan hátt í tengslum við unglina.

Haust eftir Dag Sigurðarson

1. Í ljóðinu er bein mynd og tvær myndhverfingar – tár guðs og gráturinn í honum guði (regnið).
2. Afstaða ljóðmælandans til tilverunnar: Njótið dagsins í dag og alls sem hann býður upp á, líka rigningarinnar.

Öskubuska eftir Dag Sigurðarson

1. Hugblærinn er kaldhæðnislegur. Gert er grín að öllum ævintýrum og stúlkum sem bíða bara eftir draumaprinsinum sem svo reynist annar en hann lítur út fyrir að vera. Veruleikinn er allur annar en dreginn er upp í ævintýrunum.

Hamingja eftir Hannes Pétursson

1. Sóleyjarnar eru eins og bjart sólskin í hendi.
2. Hamingja ljóðmælandans er fólgin í samverunni við soninn sem hann lýsir í ljóðinu.

Skeljar eftir Hannes Pétursson

1. Háttbundið ljóð: Regluleg hrynjandi, stuðlar, rím, öll erindi jafnlöng.
2. Gönguferðin gæti táknað lífsferilinn. Ljóðmælandinn ráðleggur okkur að gefa gaum að hverju einasta augnabliki á lífsleiðinni.
3. Boðskapur ljóðsins: Að njóta þess sem lífið færir okkur, lifa hér og nú.

Tíunda rödd eftir Hannes Pétursson

1. Ljóðmælandi situr fyrir aftan knapann og ræður engu um ferðina og er kvíðinn. Hugblærinn er dulúðugur, draugalegur. Það sem undirstrikar þetta er orðalag eins og kynleg ferð, myrkur maður, fölu hnakki.
2. Verið er að ríða yfir straumharða á í klakaböndum. Ljóðmælandi situr fyrir aftan knapann sem lútir hettuklæddu höfði og mælir ekki orð af vörum. Þegar tunglið kemur fram má sjá í hvíta hausnúpu knapans. Ljóðmælandi veit ekki hvort hann er á leið í veislu til vina eða í dauðann.
3. Vísað er í þjóðsöguna um djáknann á Myrká.

Við garðstíginn eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur

1. Persónugervingar í ljóðinu eru margar: Dvergliljan þurrkar ..., lyftir ..., sléttar ..., hneigir sig ..., morgunblærinn hefur boðið ..., vindarnir hafa leikið ..., nakin tré spenna frostbitnar greipar, reiðubúin að þola vetrarlangt píslarvætti.
2. Þegar dvergliljan er persónugerð skynjar lesandinn betur léttinn sem fylgir vorkomunni, henni er boðið í dans. Trylltum dansi haustlaufanna er að ljúka og nú færast kyrrð og kuldi yfir.

Reynsla eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur

1. Ljóðmælandinn er 8 ára stúlka.
2. Veinið er aðeins til í huga hennar og varð til vegna samkenndar hennar með silungnum þegar hún áttaði sig á því að heita vatnið dræpi hann.

Barn eftir Stein Steinarr

1. Það stílbragð sem beitt er í ljóðinu er endurtekning.
2. Ljóðmælandinn er alltaf barn í eigin huga en vegfarendur sjá hann sem barn, ungan mann og gamlan mann.

Utan hringsins eftir Stein Steinarr

1. Ljóðmælandi á ekki samleið með öðrum. Hann hefur reynt en orðið einskis ágengt.
2. Ljóðið getur verið um einhvern sem er félagslega einangraður en það hefur einnig verið túlkað sem ástarljóð. Ljóð um óendurgoldna ást.

Ég heyrði þau nálgast eftir Snorra Hjartarson

1. Ljóðið er óhefðbundið og rímlaust þrátt fyrir all reglubundna hrynjandi og stuðlasetningu.
2. Ort er um flóttamenn almennt.
3. Vísað er í Maríu og Jósep í ljóðinu.
4. Í ljóðinu er beitt endurtekningu. Hún undirstrikar efni ljóðsins og lýsinguna á aðstæðum flóttamanna.

Ung móðir eftir Snorra Hjartarson

1. Mikilvægast í heiminum finnst ljóðmælanda vera fegurð og góðvild.
2. Andlit hennar sól, bros hennar yhlýir geislar eru myndhverfingar.

Rauður steinn eftir Guðmund Böðvarsson

1. Rauði steinninn getur táknað ýmislegt t.d. glötuð tækifæri og hugsjónir sem menn hafa misst sjónar á.
2. Hugblær ljóðsins einkennist af trega og eftirsjá.
3. Boðskapur ljóðsins er að við eigum að grípa tækifærin þegar þau gefast og vera trú sjálfum okkur og hugsjónum okkar.

Kvæðið um fuglana eftir Davíð Stefánsson

1. Hin himinborna dís er hér skáldagyðjan.
2. Fuglarnir tákna hér skáldskapinn.
3. „– og sumir verða alltaf lítil börn“: Sumar hugmyndir verða aldrei fullunnar.
4. Já, skáld getur haft hér óhefðbundna merkingu: Maðurinn sem lifir lífinu lifandi, ber virðingu fyrir öllu lifandi, nýtur þess að vera til og hefur jákvæð áhrif á umhverfi sitt.
5. **1. hluti** – Hér fjallar skáldið um glímu sína við kveðskapinn og hann ákallar skáldagyðjuna og biður um innblástur.
2. hluti – Hér kemur fram hvað þarf til að vera skáld þ.e. að skilja, skynja og kunna að meta allt sem lifir.
3. hluti – Enn ákallar Davíð og tilbiður skáldagyðjuna. Hann biður um að ljóðin verði einhvers virði og helgar henni þau öll ef þau verða þess virði. Hann segir henni hvað hann muni gera ef hún hjálpar honum, hann ætlar þá að semja ljóð sem allir geta notið.
4. hluti – Ljóðin hans fá vængi og rísa hátt því skáldagyðjan hefur verið honum hliðholl.

Abba-labba-lá eftir Davíð Stefánsson

1. Stílbrogð einkennast af dulúð, draugagangi og spennu. Lýsingar og orð eins og: svört á brún og brá, villidýrablód, beit mig og saug úr mér blóðið svo ég dó, afturgenginn hrópa ég, vekja blendnar tilfinningar, jafnvel óhugnað.
2. Abba-labba-lá er ekki af þessum heimi. Hún er blóðsuga. Sú skoðun hefur lengi verið uppi að Davíð sé að vara við Bakkusi í þessu kvæði.
3. Að trú á stokka og steina er að vera heiðin/n.

Ljáðu mér vængi eftir Huldu

1. Ósk hennar og löngun er að komast í burtu. „Langt í burtu ég líða vil.“
2. Hin blómlega ey er draumaveröld ljóðmælandans.
3. Endurtekningin undirstrikar hugblæ pulunnar sem einkennist af eins konar sorg eða óuppfyltum löngunum.

Hver á sér fegra föðurland eftir Huldu

1. Myndin af landinu einkennist af mikilli náttúrufegurð. Hér eru heitir brunnar, hreint loft, jöklar, ár, haf og sandar. Mannfólkið lifir í sátt og samlyndi og unir glatt við sitt fjarri öllum ófriði.
2. Jákvæð áhrif gætu verið að ljóð sem þessi þjappi þjóðinni saman með því að undirstrika ágæti lands og þjóðar, kenni fólki að meta náttúru landsins og fegurð ásamt þýðingu frelsis og sjálfstæðis fyrir þjóðina. Um leið geta þau haft neikvæð áhrif með því að ýta um of undir þjóðerniskennd sem getur hæglega leitt til þjóðrembu.

Lofsöngur eftir Matthías Jochumsson

1. Viðlíkingar eru: – einn dagur sem þúsund ár (1. erindi), við lífum sem blaktandi, blaktandi strá (3. erindi). Persónugerving: eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár, sem tilbiður guð sinn og deyr (1. erindi). Eitt eilífðar smáblóm er þjóðin sem hefur tilbeðið guð í 1000 ár.
 1. **erindi:** Ljóðmælandi ákallar guð og segir honum að þjóðin hafi tilbeðið hann í 1000 ár en þessi 1000 ár séu bara einn dagur fyrir guði. Þessi þjóð sem hann líkir við smáblóm hefur ekki haft það gott sbr. hið titrandi tár.
 2. **erindi:** Áfram ákallar ljóðmælandi guð og þakkar fyrir skjólið sem hann hefur veitt þjóðinni í 1000 ár og fyrir að hafa skapað henni örlög sín. Fyrstu 1000 árin hafa verið erfið sbr. „Íslands 1000 ár voru morgunsins húmköldu, hrynjandi tár ...“
 3. **erindi:** Enn ákallar ljóðmælandi guð og finnst þjóðin vera eins og blaktandi strá og að hún muni deyta ef guð leiði hana ekki áfram sbr. „– ef þú ert ei ljós það og líf sem að lyftir oss duftinu frá;“. Síðan biður ljóðmælandi

guð um að standa með þjóðinni jafnt dag sem nótt á hverju sem dynur. Að lokum er ósk um að næstu 1000 ár verði þjóðlífið betra, táraflóðinu linni og þjóðin gangi á vegum guðs.

2. Sem dæmi má nefna þjóðhátíðardaginn, íþróttakappleiki og einnig er hann fluttur í lok dagskrár á sunnudagskvöldum á Rás 1 í Ríkisútvarpinu.

Jónas Hallgrímsson – Ísland

1. Fortíðin – Ljóðmælandi lýsir fegurð landsins er menn komu hingað fyrst, segir sögu þeirra og nefnir nokkur þekkt nöfn úr Íslandssögunni og Njálu. Hann lofar hetjurnar sjálfstæðu sem hér bjuggu. Nútíðin – Landið hefur ekki breyst en það hafa mennirnir gert. Hér eru engar hetjur lengur, allt hefur staðið í stað eða miðað aftur á bak. Ljóðmælandi spyr hvert starf landans hafi verið og hvað sé orðið um sjálfræðið og þingið.
2. Ljóðmælandi brýnir menn til dáða og vill að þeir hafi forfeðurna að fyrirmynd.
3. Endurlit til fortíðar. Ljóðmælanda finnst mikill ljómi stafa af fortíð Íslendinga. Hann minnir sérstaklega á Alþingi og um leið sjálfstæði þjóðarinnar. Einnig ber mikið á þjóðerniskennd/ást sem ásamt fortíðarþrá einkenndi rómantíkina.

Jónas Hallgrímsson – Ferðalok

1. **1. erindi:** Ástarstjörnu yfir hraundranga skýla næturský – bein mynd, ástarstjarnan hlær – persónugerving.
2. **2. erindi:** Hlekkir brýt ég hugar/hugarhlekkir – myndhverfing.
4. **4. erindi:** Tíndum við á fjalli ... ljúfar gjafir – bein mynd.
5. **5. erindi:** Allt erindið er í raun bein mynd.
6. **6. erindi:** himinn glaðnaði – persónugerving.
7. **7. erindi:** Grétu þá í lautu góðir blómálfar – bein mynd/persónugerving.
8. **8. erindi:** Hélt ég þér á hesti ... – bein mynd, blómknapp þann – myndhverfing (stúlkan).
9. **9. erindi:** Greiddi ég þér lokka ... – bein mynd, blómvarir og sjónstjörnur – myndhverfingar.

Hallgrímur Pétursson – Steinunn

1. **1. erindi:** Ljóðmælandi lýsir henni sem eftirlæti sínu og yndi og segist munu sakna hennar að eilífu.
2. **2. erindi:** Ljóðmælandi segir að nú sé Steinunn komin til guðs og laus við allar raunir og hörmungar. Nú getur hún talað við guð sem er fegurri en sólin og notið eilífrar sælu hjá honum.

Hávamál

- 1. erindi:** Sá sem víða fer verður að hafa ákveðna þekkingu og vera skynsamur vegna þess að heima er allt auðveldara. Án vits og þekkingar verða menn sér til skammar meðal viturra og síðaðra manna. Heimskt er heima-alið barn.
- 2. erindi:** Vínrykkja er ekki eins góð og menn segja því að sá sem drekkur hefur ekki vit fyrir sjálfum sér.
- 3. erindi:** Dýrin hætta að éta þegar þau hafa fengið nóg en óvitur maður kann sér aldrei magamál.
- 4. erindi:** Óvitur maður heldur að allir sem brosa við honum séu vinir hans en þegar hann kemur á mannamót finnur hann að hann á fáa vini.
- 5. erindi:** Ekki skal dveljast of lengi á sama stað því þá verða menn leiðir á gestinum þó hann hafi verið ljúfur í upphafi.
- 6. erindi:** Ef þú átt vin sem þú treystir og vilt vera vinur hans áfram skaltu umgangast hann og vera rausnarlegur við hann.
- 7. erindi:** Þegar ég var ungur var ég mikið einn og það varð mér ekki til góðs. Mér fannst ég ríkur þegar ég eignaðist vin því maður er manns gaman.
- 8. erindi:** Tré sem stendur á berangri hrörnar því það hefur ekkert skjól. Þannig fer fyrir manni sem enginn elskar. Hversu lengi getur hann lifað?
- 9. erindi:** Þó menn séu fatlaðir eða veikburða er meira gagn að þeim lifandi en dauðum. Allir eru einhvers virði.
- 10. erindi:** Eitt sinn skulu allir deyja en minningin um þann sem lætur gott af sér leiða/getur sér góðan orðstír deyr aldrei.



TILVÍSANASKRÁ

Auður Jónsdóttir (1973)

„Besta leiðin til að opna augun og sjá heiminn er að lesa bækur.“

Auður Jónsdóttir. 2008. „Áskorun um endurnýjun.“ *Morgunblaðið* 31.12.

Auður Ava Ólafsdóttir (1958)

„Til að lesandi kannist við persónur og staði úr eigin hugarheimi þurfa þær að vera tilbúningur því athöfnin að lesa er skapandi og það er á ábyrgð lesanda að byggja brú yfir í eigin veruleika.“

Auður Ava Ólafsdóttir. 2010, 21. janúar „Játning rósaafleggjara.“ Vefslóð:

http://www.hi.is/files/skjol/hugvisindasvid/deildir/islensku_og_menningar/jatningava.pdf/júnó 2010

Dagur Sigurðarson (1937–1994)

„Ég vil skrifa um fólk og fyrir fólk. Ég vil segja lesandanum frá ýmsu sem hann veit hálf í hvoru en vogar ekki að gera sér grein fyrir, gefa honum eitthvað sem hann getur brúkað sér til hjálpræðis hénamegin.“

Íslensk bókmenntasaga V. 2006. Úr skáldskaparstefnuskrá Dags Sigurðarsonar aftan á hlífðarkápu Milljónaævintýsins 1960:

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi (1895–1964)

„Oft skapast ljóð á svo ótrúlega skömmum tíma, að vel má nefna innblástur. En hver honum veldur, skal ég láta ósagt. Stundum verða til fleiri en eitt og fleiri en tvö ljóð í sömu lotunni. Þá er náðarstund. En sú stund kemur aldrei án starfs og einveru, þrauta og auðmýktar. Það er sjaldgæft að akrar grói ósánir.“

Friðrik G. Olgeirsson. 2007. *Snert hörpu mína – ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi*. JPV útgáfa. Reykjavík

Didda (1964)

„Allt er ljóð, gluggatjöld með brunablettum, landslag. Margir eru flinkari en ég að yrkja fallega. Ég þarf að geta klifrað yfir nánustu fortíð til þess að sjá fegurðina eina.“

Didda. 1995. „Ráðvillt stelpa meiðandi sig á hlutum.“ (Viðtal.) *Morgunblaðið*, 2. september: 6C

Einar Már Guðmundsson (1954)

„Þótt þú siglir um samtíðina / og fljúgir inn í framtíðina / er fortíðin alltaf í farangrinum.“

Einar Már Guðmundsson. 1995. *Í auga óreiðunnar*. Mál og menning. Reykjavík.

Einar Kárason (1955)

„Eins og ég hef sagt, lít ég á mann í mínu fagi sem epíker; einhvern sem segir sögur.“

Einar Kárason. 2007. „Mér þætti fint að skrifa á brautarstöð.“ (Viðtal.) *Sköpunarsögur*: 66–90.

Mál og menning, Reykjavík

Gerður Kristný (1970)

„– enda finnst mér engu máli skipta hvort fólk skrifar bækurnar sínar í hádeginu eða undir morgun, í Hagkaupssloppi eða ullarsokkum einum fata, undir ítalskri aríu eða þvottavélanið bara ef það vandar sig rétt á meðan það er að skrifa.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Gestur Pálsson (1852–1891)

„Það er lífsskoðun vor, að mannúðin sé sá grundvöllur, er allt satt, rétt og gott byggist á, og ekkert sé satt, rétt og gott, nema það hvíli á þessum grundvelli.“

Gestur Pálsson. 1883. *Suðri*, 1. tbl.

Guðmundur Böðvarsson (1904–1974)

En þú átt að muna,
alla tilveruna
að þetta land átt þú.

Guðmundur Böðvarsson. 2004. *Ljóðöld – 100 ljóð á aldarafmæl*. Hörpuútgáfa, Akranes

Guðrún Eva Mínervudóttir (1976)

„Sagnalistin er heiminum sannarlega ómissandi – hún gerir fólki erfitt fyrir að sjá annað fólk fyrir sér sem dauða hluti. Hún sáir fræjum samúðar í huga fólks og kennir okkur að skoða tilveruna frá sjónarhorni annarra.“

Gunnar Gunnarsson (1889–1975)

„Það er hlutverk mannsins, ef til vill hið einasta, að finna ráð í óráði, gefast ekki upp ...“

Gunnar Gunnarsson. 2007. *Aðventa*. 8. útgáfa með formála eftir Jón Kalmann Stefánsson: Bjartur, Reykjavík.

Gyrðir Elíasson (1961)

„Kannski getur rithöfundur aldrei skrifað í raun um neitt annað en það sem hann þekkir, og það er staðreynd sem flestir sem skrifa hafa rekið sig á að það er nánast útilokað að finna neitt upp alveg frá grunni. Alltaf skjóta upp kollinum rótarangar úr lífi höfundar.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Hallgrímur Pétursson (1614–1674)

Lítillátur, ljúfur og kátur,
leik þér ei úr máta;
varast spjátur, hæðni, hlátur.
Heimskir menn sig státa.

Hallgrímur Pétursson. 1989. *Sálmar og kvæði*. Hörpuútgáfan. Akranes.

Hannes Pétursson (1931)

„Ég viðurkenni að ég hef aldrei áttað mig til fulls á ritvellingum, þótt ég hafi um áratugi hvergi getað annars staðar verið. Samt finnst mér endilega að þar séu vítateigar, mörk og slíkt.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Halldór Laxness (1902–1998)

„Skáldskapurinn er mál sem lífsandi samtíðarinnar skrifar í mannleg hjörtu. Skáldið og ekki aðeins skáldið, heldur allir góðir höfundar og snillingar og listamenn eru rödd samtíðar sinnar.“ Halldór Kiljan Laxness. 1962. *Vettvangur dagsins*. Ritgerðir. 2. útgáfa. Helgafell. Reykjavík

Hulda (1881–1946)

Daggir falla, dagsól alla kveður,
en mig kallar einhver þrá
yfir fjallaveldin blá.

Hulda. 1990. *Ljóð og laust mál*. Úrval. Guðrún Bjartmannsdóttir valdi efnið. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og menningarsjóður. Reykjavík

Kristín Svava Tómasdóttir (1985)

„Þetta kemur ekki úr neinni sérstakri átt. Ég hef bara alltaf haft gaman af bókum og ljóðum og þetta fór bara að þróast eftir að ég byrjaði að lesa ljóð.“

Kristín Svava Tómasdóttir. 2007. „Blótgælur og feminismi.“ (Viðtal.) *Morgunblaðið* 21.10.

Jónas Hallgrímsson (1807–1845)

Ástkjæra, ilhíra málið
og allri rödd fegra!
blíð sem að barni kvað móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum
mjer indið að veita.

Jónas Hallgrímsson. 1989. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar 1. bindi. *Ljóð og lausamál*. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík

Kristín Marja Baldursdóttir (1949)

„Ég hef velt því fyrir mér hvort auknar vinsældir ævisagna hin síðari ár megi rekja til skorts á stórrómönnum. Lífið er skrautlegra en skáldsagan og með manninum býr þörf fyrir að sjá sjálfan sig og líf sitt í skáldverki.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Kristín Ómarsdóttir (1962)

„Eins og sjampó býr til þau áhrif að hár hreinkast, vín að fólk hressist við. Súkkulaði að fólk róast. Þannig vil ég gera, búa til áhrif með orðum.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Matthías Jochumsson (1835–1920)

Tungan geymir í tímans straumi
trú og vonir landsins sona ...

Matthías Jochumsson. Útgáfuárs ekki getið. *Ljóðmæli*. Fyrri hluti, frumort ljóð. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Óskar Árni Óskarsson (1950)

„Og starfið er ekki slæmt. Að vakna á morgnana og þurfa ekki að mæta á neinn sérstakan stað til að stimpla sig inn af því maður er alltaf í vinnunni: í göngutúrnum, í Hafnarfjarðarstræto, á kaffihúsinu, í bókabúðinni, í heimsókn hjá frænku.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Sigurbjörg Prastardóttir (1973)

„Menn eru auðvitað meira og minna að skrifa um sjálfan sig. Og það eru nú kannski eðlilegar ástæður fyrir því; Til þess að geta skrifað vel um eitthvert efni verður maður að þekkja það vel, hvort sem það eru staðir, fólk, tilfinningar eða reynsla.“

Sigurbjörg Prastardóttir. 2002. „Ég lít bara á mig sem lesanda.“ (Viðtal.) *Menningarblað/Lesbók*, 9. nóvember

Sigurður Pálsson (1948)

„En það má ekki gleyma því að skáldskaparritun er þrátt fyrir allt sköpunarstarf, þar sem einstaklingur miðlar tilfinningu, mótar persónulega veraldarskynjun í hráefni sem er allra eign, tungumálið.“

Bókmenntavefurinn: Frá höfundi

Sjón (Sigurjón B. Sigurðsson) (1962)

„Bókmenntir eru eitt síðasta vígi hins ómenntaða manns. Við komum öll jafnómenntuð að því að skrifa skáldskap. Það getur enginn tekið próf í því.“

Sjón. 2007. „Hér er eitt líf. Svona hljómar það. Er merkið sterkt.“ *Sköpunarsögur*: 32–64. (Viðtal.) *Mál og menning*, Reykjavík

Snorri Hjartarson (1906–1986)

„Er þá ekkert til bjargar, ríkir vonleysið eitt um framtíð lífs og jarðar. Nei svo getur ekki verið, vissulega öllum vér með oss von um fegri heim og betri, án vonar ekkert líf.“

Snorri Hjartarson. 1981. „Án vonar ekkert líf.“ *Tímarit Máls og menningar* 2. hefti: 127–128

Snorri Sturluson (1178/1179–1241)

„En þetta er nú að segja ungum skáldum, þeim er girnast að nema mál skáldskapar og heyja sér orðfjölda með fornum heitum eða girnast þeir að kunna skilja það er hulið er kveðið, þá skilji hann þessa bók til fróðleiks og skemmtunar.“

Edda Snorra Sturlusonar. 1984. Heimir Pálsson bjó til prentunar. *Mál og menning*, Reykjavík,

Steinn Steinarr (1908–1958)

Þín visna hönd, sem vann þér ei til matar,
skal velta þungum steini úr annars braut.

Steinn Steinarr. 1964. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell, Reykjavík.

Sturla Þórðarson (1214–1284)

Íslendinga saga Sturlungu, kafli 228

Svava Jakobsdóttir (1930–2004)

„En um leið var ég jafnsannfærð um það, að ætti ég að ná lágmarksárangri í listsköpun, yrði ég að fylgja þeirri frumskyldu að vera trú sjálfri mér og minni eigin reynslu – eða í fáum orðum sagt – ég yrði að skrifa um það sem ég þekkti.“

Svava Jakobsdóttir. 1980. „Reynsla og raunveruleiki.“ *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*. 226. Ritnefnd: Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Svanlaug Baldursdóttir. *Sögufélag Reykjavík*

Vilborg Dagbjartsdóttir (1930)

„Skáldskapurinn og bókmenntirnar eru lífsnauðsyn og það að kenna börnum að tala, hugsa og njóta hlutanna gerist best gegnum bókmenntirnar.“

Vilborg Dagbjartsdóttir. 2000. „Um bækur og listina að lifa.“ (Viðtal.) *Börn og menning* 1. tbl., 15. árg: 4.

Þorsteinn frá Hamri (1938)

„Kveikja að einu kvæði getur verið lítið atvik á afmörkuðu sviði, og auðvitað má í þrengsta skilningi halda því fram að um það sé ort. En hvað mig snertir hefur vinna að ljóði oftast nær tilhneigingu til að vaxa yfir í víðtækari skírskotun, hugsanlega eitthvað sammanlegt. Allt eru þetta einhverjar vangaveltur um manninn, hugsanir hans og tilfinningar. Fyrst mann sjálfan og síðan manninn í víðara skilningi.“

Þorsteinn frá Hamri. 2002. „Form í samræmi við sál ljóðsins.“ (Viðtal.) *Morgunblaðið/bókablað*, 20. nóvember.

Þórbergur Þórðarson (1889–1974)

„Sá sem veitir mannkyninu feegurð er mikill velgjörðarmaður þess. Sá sem veitir því speki, er meiri velgerðarmaður þess. En sá sem veitir því hlátur, er mestur velgjörðarmaður þess.“

Þórbergur Þórðarson. 1974. *Bréf til Láru*. Mál og menning, Reykjavík.



Mér er í mun ...

© Anna Steinunn Valdimarsdóttir og
Ingibjörg Sigtryggisdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler
Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2011
Námsgagnastofnun Kópavogi
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun



09967